

**Mál nr. 99/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og ábyrgðartryggingar H.**

**Bifreiðastjóri rútu slasaðist þegar farangurshurð féll á hann 9.10.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
2. Bréf V dags. 28.3.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 31.3.2017.

**Málsatvik.**

M varð fyrir slysi við vinnu sína á rútuplani við flugstöð Leifs Eiríkssonar 9.10.2014. M var að taka farangur farþega út úr rútubifreiðinni A þegar farangurshurð á utanverðri rútunni féll niður og á höfuð M þannig að hann slasaðist. M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A þar sem slysið hafi átt sér stað við notkun bifreiðarinnar sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M krefst einnig bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns H og byggir M á í því sambandi að um vanbúnað hafi verið að ræða á atvinnutæki sem M vann við í umrætt sinn og H bar ábyrgð á. M telur að H beri saknæma ábyrgð á slysi M þar sem að A hafi verið vanbúin með tilliti til öryggis, en í ljós hafi komið við skoðun eftir slysið að loftpumpur, sem halda áttu farangurshurðinni voru í bágbornu ástandi og héldu lítið sem ekkert á móti. M vísar í því sambandi til 13. gr. laga nr. 46/1980 um góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað.

V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til notkunar á sérstökum búnaði A við affermingu/fermingu og ákvæði 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga eigi því ekki við þar sem vélarafli A eða sérstakur búnaður sem tengist því hafi ekki verið í notkun þegar slysið varð. V hafnar einnig bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu H hjá félaginu og segir að tjóni M hafi ekki verið valdið með saknæmri eða ólögumætri háttsemi H. V segir að eftir slysið hafi A verið sett í reglubundið eftirlit á verkstæði og engar athugasemdir hafi verið gerðar við gaspumpur eða farangurshurðar. Þá telur V að lögregluskýrsla í málinu hafi ekki sönnunargildi um ástand pumpunnar sem halda átti farangurshurðinni. V vísar einnig til þess að M hafi töluverða þekkingu á útbúnaði eins og hér ræðir um og sé með meirapróf. V telur að um óhappatílik eða eigin sök M sé að ræða. Af hálfu M er síðan eftir það vísað til þess að skoðun á pumpum í A, á eigin verkstæði H hafi takmarkað sönnunargildi um ástand þeirra og ítrekar þá skoðun sína að ferming og afferming bifreiða teljist vera notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Farangurshurðin sem féll á M þannig að hann slasaðist var lyft upp með handafla og sérstakar pumpur áttu að halda henni opinni meðan ferming og/eða afferming á farangri fór fram. M telur að orsök slyssins hafi verið sú að pumpurnar hafi ekki haldið nægjanlega við farangurshurðina þannig að hún féll í höfuð M. Farangurshurðin var ekki tengd vélarafli bifreiðarinnar eða tengd því með einum eða öðrum hætti. Bifreiðin var kyrrstæð og sérstakur vélbúnaður hennar til aksturs eða annarra sambærilegra hluta var ekki í notkun. Ekki verður því á það fallist að um bótaskylda vegna slyss M sé um að ræða á grundvelli notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá liggur ekkert fyrir um það að forráðafólk H hafi vitað af því að eitthvað hafi getað verið ábótavant hvað varðar pumpur til að halda uppi umræddri farangurshurð. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem bendir til saknæmrar háttsemi forráðafólks H eða að um vanbúnað á A hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A og M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 10.4.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.